

Viðhorf Evrópubúa til velferðarmála í fortíð, nú tíð og framtíð:

Helstu niðurstöður 8. umferðar
European Social Survey (evrópsku
samfélagskönnunarinnar)

Ritröð ESS
með helstu
niðurstöðum

8
tölublað

Velferðarríkið er mikilvægur hluti flestra lýðræðislegra samfélaga – þjónusta fjármögnuð af ríkinu sem tryggir íbúum fjárhagslega vernd og er fjármögnuð með sköttum. Það getur falið í sér ýmiss konar þjónustu, þar með talið heilbrigðisþjónustu, atvinnuleysisbætur, húsnæðisbætur og ellilífeyri.

Efnisþátturinn um viðhorf til velferðarmála í Evrópu í lotu 8 í ESS (2016/17) metur viðhorf til þessarar þjónustu í 23 löndum. Flestar spurninganna voru fyrst lagðar fyrir í lotu 4 (2008/09) en með nýju gögnum er mögulegt að skoða þær breytingar sem hafa orðið á viðhorfum síðan efnahagskreppan skall á árið 2008.

Síðan þá hafa stjórnmöld í mörgum löndum gripið til niðurskurðaraðgerða og opinber útgjöld til margra málaflokka hafa ýmist staðið í stað, verið skorin niður eða jafnvel aflögd að fullu. Nú er hægt

að leggja mat á það hvort efnahagslegar hömlur á velferðarríkinu í mörgum löndum hafi breytt viðhorfum til þess.

Í þessum nýja efnishluta eru líka nokkrar spurningar sem lagðar eru fyrir í fyrsta sinn - þær helstu eru um mat á innleiðingu á almennu grunnframfærslukerfi (e. universal basic income, UBI) og sameiginlegu félagslegu bótakerfi fyrir aðildarríki Evrópusambandsins.

Sem fyrr, erum við þakklát hópnum sem vann að hönnun spurningalistans. Hópurinn samdi einnig þessa skýrslu og hefur unnið náið með ESS að því að hanna efnishluta sem er allt í senn yfirgripsmikill, mikilvægur, upplýsandi og áhugaverður.

Rory Fitzgerald
framkvæmdastjóri ESS ERIC
City, háskólinn í London

Höfundar þessa tölublaðs:

- Wim van Oorschot, háskólanum í Leuven, Belgíu
- Bart Meuleman, háskólanum í Leuven, Belgíu
- Sharon Baute, Sam Delespaul, Dimitri Gugushvili, Tijs Laenen og Frederica Rossetti, háskólanum í Leuven, Belgíu
- Femke Roosma, Tilburg háskóla, Hollandi

Einnig komu eftirtaldir fulltrúar úr miðlægu vísindateymi ESS að hönnun spurningalistans um viðhorf til velferðarmála í Evrópu:

- Brita Dorer (GESIS - félagsvísindastofnuninni í Leibniz),
- Sarah Butt, Salima Douhou, Rory Fitzgerald, Elena Sommer og Lizzy Winstone (City, háskólanum í London).
- Diana Zavala Rojas (Pompeu Fabra háskóla)

Viðhorf til velferðarmála í Evrópu í fortíð, nútíð og framtíð:

Helstu niðurstöður 8. Iotu European Social Survey (evrópsku samfélagskönnunarinnar)

Bart Meuleman, Wim van Oorschot, Sharon Baute, Sam Delespaul, Dimitri Gugushvili, Tijs Laenen, Femke Roosma og Federica Rossetti

Inngangur

Á undanförunum áratugum hefur evrópska velferðarríkið mætt töluverðum áskorunum sem rekja má til stórfelldra breytinga á sviði efnahags-, samfélags- og stjórnmála. Langtíma áskoranir hafa orðið meiri sökum áfallsins í kjölfar bankahrunsins árið 2008, en því fylgdi fjótlega efnahagsleg lægð árið 2009 og langvarandi efnahags- og skuldakreppa í mörgum löndum Evrópu.

Stjórnvöld í sumum Evrópuríkum innleiddu víðtæka aðhaldsstefnu í ríkisfjármálum til að bregðast við þessum samtengdu efnahagserfiðleikum og voru meðal annars útgjöld til velferðarmála og endurbóta á vinnumarkaði skorin verulega niður. Önnur lönd brugðust við með almennum sparnaðaráætlunum. Á sama tíma ollu hernaðar- og stjórnmálaátök víða um heim því að fjöldi flóttafólks streymdi til Evrópu og skapaði þar með áhyggjur af viðbótarálagi á núverandi velferðarkerfi.

Á þessum umrótatímum í Evrópu er víða deilt um nauðsyn og sanngirni kerfa sem byggja á samstöðu. Sem dæmi, þá eru harðar deilur um lífeyrismál í flestum Evrópulöndum (t.d. EU, 2004) ekki aðeins til marks um breytta hagsmuni hópa vegna hækkandi aldurs íbúa, heldur eru þau einnig til marks um breytt viðhorf til samstöðu á milli kynslóða. Sterk hugmyndafræðileg áhersla á ábyrgð einstaklingsins birtist í efasemdum um samstöðu ríkra og fátækra en á þverstæðukenndan hátt einnig í endurnýjuðum áhuga á hugmyndinni um grunnframfærslu. Þróun í stefnu ríkja innan Evrópusambandsins (ESB) um „aukna virkni“, sem birtist til dæmis í almennt auknum kröfum um vinnuskilyrði og auknum

skyldum atvinnulausra til atvinnuleitar, endurspeglar endurnýjun hugmynda um hvernig dreifa skuli réttindum og skyldum milli þeirra sem eru innan og utan vinnumarkaðarins.

Umræða um aðlögun innflytjenda í evrópsk samfélög og um rétt þeirra á framfærslu frá félagslega kerfinu mótast að miklu leyti af hugmyndum um hversu mikinn rétt þeir hafi á velferðarkerfinu, en hann er oft talinn talsvert minni en hjá öðrum minnihlutahópum í samfélaginu. Loks eru viðvarandi deilur innan Evrópusambandsins sem eru að miklu leyti tilkomnar vegna misharkalegra áhrifa efnahagskreppunnar á lönd innan Evrópu. Þær snúast um samstöðu milli Evrópubúa og er grundvallarspurningin sú hvort endurdreifing velferðar frá ríkari til fátækari Evrópulanda sé nauðsynleg til að skapa félagslega samheldni þvert á lönd Evrópu og hvort sú samstaða væri stjórnmálalega og fjárhaglsega möguleg.

Efnishluti 8. umferðar ESS (2016/17)


„Viðhorf til velferðarmála í Evrópu á tímamótum: Samstaða undir þrýstingi“ gerir mögulegt að varpa fræðilegu ljósi á þessar deilur.¹ Efnishlutinn er að nokkru leyti endurtekning á efnishluta úr 4. umferð ESS um viðhorf til velferðarmála (2008/09) en jafnframt eru settar fram nýjar spurningar um samstöðu. Í skýrslunni eru dregin saman viðhorf Evrópubúa til samstöðu með bágstöddum hópum, svo sem öldruðum, atvinnulausum, innflytjendum og fátækum, auk þess sem viðhorf til evrópskrar félagsmálafélagstefnu og hugmynda um alhliða grunnframfærslu eru gerð skil.

Samstaða með öldruðum

Allt frá fyrstu dögum velferðarríkisins hefur eitt af grundvallarhlutverkum þess verið að sjá öldruðum fyrir viðunandi framfærslu þegar þeir geta ekki lengur stundað vinnu. Til að kanna hvort almenningur í Evrópu styðji ennþá þetta fyrirkomulag sem gengur þvert á kynslóðir á tímum þar sem aldur íbúa fer hækkandi, voru svarendur spurðir hvort þeir teldu stjórnvöld vera ábyrg fyrir að tryggja öldruðum viðunandi lífskjör. Svarmöguleikar voru á kvarðanum 0-10 (frá alls ekki yfir í að stjórnvöld beri alla ábyrgð).

Eins og mynd 1 sýnir þá er stuðningur við ábyrgð stjórnvalda á lífskjörum aldraðra mjög hár í Evrópu, sérstaklega í löndunum utan Vestur-Evrópu, þar sem meðaltal svara er yfir 8. Ýmsar ástæður eru fyrir þessum yfirgnæfandi stuðningi. Ein skýring er sú að ellilífeyrir er nýttur af flestum: meirihluti fólks fær ellilífeyri eftir starfslok og væntir þess að njóta góðs af þessu fyrirkomulagi, núna eða í framtíðinni. Jafnframt er lítið svo á að aldraðir verðskuldi stuðning vegna fyrra framlags þeirra til samfélagsins.

Mynd 1. Afstaða til ábyrgðar stjórnvalda á málefnum aldraðra og mat á lífskjörum þeirra.



*N (liður E6)=44.120; N (liður E4)=43.689. Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (psspweight). Litir gefa til kynna svæði (blár = Norður-Evrópa; grænn = Vestur-Evrópa; gulur = Suður-Evrópa; appelsínugulur = Austur-Evrópa).

Þriðja ástæðan er almennar áhyggjur fólks af lífsgæðum aldraðra. Svarendur voru einnig beðnir um að meta *lífsgæði lífeyrisþega* (á kvarðanum 0-10). Í löndum þar sem fólk er síður ánægt með lífsgæði ellilífeyrisþega (sérstaklega í Suður- og Austur-Evrópu), var sterkari stuðningur við inngríp stjórnvalda í þágu aldraðra.

Síðan 2008 hefur fjárhagslegur stuðningur hins opinbera við aldraða minnkað í 16 af 20 löndum. Þrátt fyrir að lækkunin sé í flestum tilvikum tiltölulega lítil, hefur dregið meira úr samstöðu með öldruðum í Bretlandi (lækkun um 0,72 stig) og á Írlandi (-0,6 stig), svo og í nokkrum ríkjum Austur-Evrópu (Ungverjaland: -1,01; Rússland: -0,62; Pólland: -0,5).

Athygli vekur að minni samstaða um gagnkvæma forsjá kynslóða á milli helst í hendur við bætt lífskjör lífeyrisþega: Svarendur hafa tilfinningu fyrir því að lífskjör lífeyrisþega hafi batnað og telja því minni þörf fyrir íhlutun stjórnvalda. Hugsanlega hafði efnahagshrunið þau áhrif að áherslan færðist frá öldruðum til annarra hópa.

Samstaða með atvinnulausum: Á mörkum skilyrtrar samstöðu og örlætis

Á undanförunum áratugum hafa bótakerfi fyrir atvinnulausa í Evrópu einkennst af áherslubreytingum í átt að því að virkja atvinnulausa (Bonoli, 2010). Rétturinn til atvinnuleysisbóta hefur orðið háður töluvert meiri skilyrðum um allskyns vinnutengdar skyldur. Þeir sem uppfylla ekki slík skilyrði eiga á hættu að bætur þeirra verði skertar eða bótatími stytur.

Almennt lögmæti slíkra aðgerða var mælt með því að kynna fyrir svarendum aðstæður *einstaklings sem hafði áður verið í vinnu en misst starfið og þiggur nú atvinnuleysisbætur*. Svarendur voru síðan spurðir hvað þeim *fyndist að ætti að verða um atvinnuleysisbætur þessa einstaklings ef hann afþakkaði starf vegna þess að laun fyrir starfið væru mun lægri en hann fékk áður*.

Mynd 2 sýnir að einum af hverjum fjórum (26,1%) Evrópubúum finnst að sá atvinnulausi eigi ekki að vera beittur viðurlögum og megi halda öllum atvinnuleysisbótunum. Á meðan meirihluti íbúa er fylgjandi því að setja eigi einhvers konar skilyrði, kýs stærstur hluti þeirra að beita vægustu aðgerðunum, þ.e. að skerða bætur lítillega (34,3%). Hlutfall þeirra sem vilja beita auknum viðurlögum er lægra; 20,6% vilja skerða bætur um helming og 19,0% vilja fella atvinnuleysisbæturnar niður. Að baki evrópsku meðaltölunum leynist umtalsverður munur á milli landa. Eins og sjá má á mynd 2 er stuðningur við skilyrðin sérstaklega hár á Ítalíu, Noregi, Póllandi og Slóveníu, en hlutfallslega lágur í Litháen, Ísrael,

Eistlandi og Rússlandi. Þrátt fyrir það er ekki hægt að merkja neinn skýran svæðisbundinn mun.


Áhugavert er að bera saman svör um skilyrði um atvinnuleysisbætur og viðhorf til félagslegra réttinda atvinnulausra (Houtman, 1997). Hvert á jafnvægið milli réttinda og skyldna að vera að mati Evrópubúa? Á mynd 3 er sýnt hvaða réttindi og skyldur íbúar í hverju landi velja umfram önnur. Hvað varðar félagsleg réttindi, þá liggja meðaltöl svara við spurningunni um hvort stjórnvöld

eigi að tryggja atvinnulausum viðunandi lífskjör á bilinu 5,9 og 7,7 (á kvarða frá 0 til 10). Stuðningur við félagsleg réttindi atvinnulausra er því almennt frekar mikill, en þó töluvert minni en stuðningur við aldraða (sjá mynd 1).

Þegar litið er til skyldna, er notast við landsmeðaltöl um skilyrðingu bóta (á kvarða frá 0 - ætti að missa allar atvinnuleysisbætur til 3 - ætti að halda öllum atvinnuleysisbótum). Um helmingur landanna raðast um miðbik kvarðans um skilyrðingu bóta, með meðaltal

Mynd 2. Stuðningur við skilyrðingu á félagslegum bótum, eftir löndum.

Hvað á að verða um atvinnuleysisbætur einstaklings sem afþakkar starf vegna þess að launin eru mun lægri en hann fékk áður?




*N=10.712 (ESS liður E21, spurningin var lögð fyrir tilviljunarúrtak úr hópi þátttakenda). Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (pspweight) og íbúafjölda (pweight).

á milli 1 og 1,5 og kvarði um ábyrgð stjórnvalda er með meðaltal á bilinu 6 til 7 (á kvarða 0-10). Athygli vekur að Miðjarðarhafslöndin og Norðurlöndin víkja frá þessu mynstri en þar fer saman sterkur stuðningur við félagsleg réttindi og tiltölulega sterkur stuðningur við skilyrðingu bóta. Ýktasta tilvikið er Ítalía en Ítalir velja mestu skilyrðingu bóta en eru á sama tíma örlátastir allra Evrópubúa. Slóvenar og Pólverjar sýna svipaðan stuðning við félagslegar skyldur en umtalsvert minna örlæti.

Sérstaklega á þetta við um Pólverja, sem virðast hallast að hlutfallslega litlum atvinnuleysistryggingum samhliða hörðum viðurlögum fyrir þá sem ekki fylgja vinnuskyldum. Þveröfugt mynstur kemur fram meðal Ísraelsa og Litháa, sem eru örlátastir með minnst skilyrði allra Evrópubúa.

Mynd 3. Afstaða til örlætis í framfærslu og skilyrðingu velferðar fyrir atvinnulausa.



*N=10.641. Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (pspweight). Litir gefa til kynna svæði (blár = Norður-Evrópa; grænn = Vestur-Evrópa; gulur = Suður-Evrópa; appelsínugulur = Austur-Evrópa).

Samstaða með innflytjendum: Þjóðernishygga eða algildi í velferðarmálum?


Auknir fólksflutningar og nýlegur flóttamannavandi hefur kynt undir deilur í opinberri umræðu um tengsl milli fólksflutninga og velferðarríkisins. Hverjar eru skoðanir Evrópubúa til félagslegra réttinda nýrra íbúa í samfélaginu? Í efnishlutanum um viðhorf til velferðarmála voru svarendur spurðir hvenær þeim fyndist að innflytjendur frá öðrum löndum ættu að njóta sömu réttinda til félagslegra bóta og þjónustu og núverandi borgarar (mynd 4).

Greinilegt er að ströng þjóðernishygga í velferðarmálum, þ.e. sú hugmynd að bætur á sviði velferðarmála skuli einskorðaðar við innfædda íbúa, nýtur aðeins lítils stuðnings; einungis 9,7% Evrópubúa telja að innflytjendur eigi aldrei að öðlast jafnan rétt til félagslegra bóta (mynd 4). Á sama tíma nýtur það sjónarmið að nýjum íbúum skuli strax veittur óskertur aðgangur að bótum og þjónustu stuðnings álíka fámenns hóps (9,0%).

Flestir Evrópubúar velja milliveginn og vilja heldur að félagsleg réttindi séu skilyrt við annað hvort að fá ríkisborgararétt (29,1%) eða við búsetu og greiðslu

Mynd 4. Afstaða til þess að innflytjendum séu tryggð félagsleg réttindi eftir löndum og svæðum.

Ef þú hugsar um fólk sem kemur frá öðrum löndum til að búa á/i [land], hvenær finnst þér að það eigi að fá sama rétt á félagslegum bótum og þjónustu og þeir ríkisborgarar sem þegar búa hér?




*N=42.403; Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (pspweight).

skatta í að minnsta kosti eitt ár (43,1%). Árið 2008/2009 fengust mjög svipaðar niðurstöður við nákvæmlega sömu spurningu: 7,9% voru algjörlega andvíg því að veita innflytjendum félagsleg réttindi, á meðan 9,2% vildu að nýir íbúar fengu skilyrðislausan rétt (sjá einnig Mewes og Mau, 2013). Ljóst er að flóttamannavandinn hrinti ekki af stað bylgju öfgaþjóðernishyggu í velferðarmálum um Evrópu. Í Portúgal og á Spáni hefur hlutfall þeirra sem vilja að nýir íbúar njóti félagslegra réttinda við komu til landsins meira að segja aukist umtalsvert (frá 9,6 til 20,3% í Portúgal; frá 11,7 til 18,9% á Spáni).

Í Norður- og Vestur-Evrópu er sú afstaða að réttur til styrkja eigi að vera byggður á gagnvirkni (að hafa greitt skatta í að minnsta kosti eitt ár) langsamlega vinsælust. Svarendur í Austur-Evrópu eru umtalsvert tregari til að veita innflytjendum félagsleg réttindi. Ríkisborgararéttur er talinn frumforsenda félagslegra réttinda og hlutfall þeirra sem aðhyllast öfgaþjóðernishyggu á sviði velferðarmála er einnig hærra en á öðrum svæðum Evrópu. Þetta kann að koma á óvart, þar sem í Austur-Evrópu er fjöldi innflytjenda hlutfallslega lítil og útgjöld til velferðarmála sömuleiðis. Svo virðist sem öfgaþjóðernishygga í velferðarmálum

Mynd 5. Stuðningur almennings við sameiginlegt félagslegt bótakerfi í öllum löndu ESB og væntingar til þess að bætur hækki með Evrópuvæðingu.



*N (liður E37)=31.764, N (liður E38)=32.587. Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (pspweight). Litir gefa til kynna svæði (blár = Norður-Evrópa; grænn = Vestur-Evrópa; gulur = Suður-Evrópa; appelsínugulur = Austur-Evrópa).

geti dafnað þar sem óánægja ríkir með almannatryggingakerfið, í bland við hlutfallslega litla reynslu af innflytjendum.

Í átt að félagslegri Evrópu?

Í gegnum tíðina hefur Evrópusambandið smám saman tekið sér stærra hlutverk í félagslegri stefnumótun (Falkner, 2016). Þetta vekur spurningar um það hvort svarendur í Evrópu styðji þessa þróun eða hvort þeir sjái þróun félagslegrar Evrópu (Social Europe) sem ógn við landsbundið fyrirkomulag í velferðarmálum.

Í efnishlutunum um viðhorf til velferðarmála er mælt hvort svarendur telji að *félagslegar bætur og þjónusta í þeirra landi myndu aukast eða minnka ef fleiri ákvarðanir væru teknar af Evrópusambandinu í stað stjórnvalda landsins*. Að meðaltali telja þeir af hverjum tíu Evrópubúum (30,5%) að aukin aðkoma ESB myndi leiða til meiri eða mun meiri almannatrygginga. Aftur á móti búast 69,5% svarenda við að umfang bóta myndi minnka eða standa í stað í kjölfar aukinnar evrópskrar stefnumótunar.

Þrátt fyrir nokkuð útbreiddar áhyggjur tengdar félagslegri Evrópu, segjast 67,1% Evrópubúa styðja *sameiginlegt félagslegt bótakerfi fyrir öll ESB-lönd sem myndi tryggja fátækum lágmarks líf skjör*. Viðhorf til þessara tveggja þátta falla vel saman; í löndum þar sem miklar væntingar um að Evrópuvæðing muni hækka félagslegar bætur er stuðningur almennings við sameiginlegt félagsbótakerfi innan ESB jafnframt hlutfallslega mikill (mynd 5).

Örlæti velferðarkerfa er mikilvægur áhrifavaldur sem býr til umtalsverðan mun milli landa varðandi viðhorf þeirra til félagslegrar Evrópu. Í hinum þróuðu norrænu velferðarríkjum búast fáir

svarendur við félagslegum umbótum með því að Evrópuvæða félagsmálastefnu og stuðningur innan þeirra við sameiginlegt ESB-bótakerfi er tiltölulega lífíll. Í Austur- og Suður-Evrópulöndum, þar sem útgjöld til félagsmála eru töluvert minni, er sú sýn algengari að Evrópusambandið geti bætt almannatryggingar.

Stuðningur við grunnframfærslu

Hugmyndin um almenna grunnframfærslu er í senn einföld og róttæk og hefur notið aukinnar athygli jafnt í opinberri umræðu sem og meðal stefnumótenda um alla Evrópu (De Wispelaere og Stilton, 2004; OECD, 2017). Eigi að síður er hugmyndin um að útvega *öllum* þegnum nægar tekjur til framfærslu, óháð því hvort þeir þarfnist stuðnings og *án* krafna um vinnuskyldu, í grundvallaratriðum á skjön við grunn evrópskra velferðarkerfa, þar sem gagnvirkni og þörf leika þýðingarmikið hlutverk.

Efnishluti ESS sem snýr að viðhorfum til velferðarmála inniheldur, í fyrsta sinn í fræðilegri alþjóðlegri rannsókn, spurningu um innleiðingu á almennri grunnframfærslu. Svarendur voru spurðir hvort þeir væru hlynntir eða andvígir grunnframfærslukerfi, með eftirfarandi skilgreiningum:


- *Hið opinbera greiðir öllum mánaðarlega fjárhæð til að standa straum af kostnaði við grunnframfærslu.*
- *Fjárhæðin kemur í staðinn fyrir margar aðrar félagslegar bætur.*
- *Tilgangurinn er að tryggja öllum lágmarkslíf skjör.*
- *Allir fá sömu fjárhæð, óháð því hvort þeir eru í vinnu eða ekki.*

- Fólk heldur einnig launum af vinnu og öðrum tekjum.
- Kerfið er fjármagnað með sköttum

Hlutfall þeirra sem eru (mjög) fylgjandi grunnframfærslunni er mjög breytilegt eftir löndum, frá 33,9% (Noregur) til 80,4% (Litháen). Stuðningur við grunnframfærslu virðist vera minni meðal auðugri þjóða í Norður- og Vestur-Evrópu og meiri meðal fátækari velferðarríkja í Austur-Evrópu.

Á mynd 6 er stuðningur við grunnframfærslu eftir löndum borinn saman við tekjujöfnuð (mælt með Gini-stuðlinum). Stuðningur við grunnframfærslukerfi er mestur í löndum þar sem mikill ójöfnuður ríkir (t.d. Litháen og Rússlandi) og minnstur í jafnaðar- og velferðarríkjunum Noregi og Svíþjóð. Þetta mynstur bendir til þess að grunnframfærslu sé fagnað sem leið til að bæta félagslegan stuðning frekar en til að leysa af hólmi farsæl velferðarkerfi.

Mynd 6. Stuðningur við grunnframfærslu og tekjujöfnuður (OECD, 2016)



*N (líður E36)=40.712. Niðurstöður eru vigtaðar með tilliti til aldurs, kyns og menntunar (pspweight). Litir gefa til kynna svæði (blár = Norður-Evrópa; grænn = Vestur-Evrópa; gulur = Suður-Evrópa; appelsínugulur = Austur-Evrópa).

Niðurlag

Efnishlutinn um viðhorf til velferðarmála í 8. umferð ESS sýnir að mikill stuðningur er meðal Evrópubúa við endurdreifingu tekna í þágu velferðar. Sú hugmynd að stjórnvöld í hverju landi beri ábyrgð á velferð viðkvæmra einstaklinga nýtur almenns stuðnings. Margþætt kreppuástand hefur ekki rofið lögmæti velferðarríkisins. Samanburður við gögn ESS frá 2008/09 sýnir mynstur sem einkennist af stöðugleika fremur en skýrum breytingum.

Þrátt fyrir það, sýna niðurstöðurnar sem hér eru birtar að Evrópubúar eru hrifnari af sumum formum samstöðu en öðrum. Á meðan stuðningur við aldraða er nærri einróma, þá er endurdreifingu í þágu atvinnulausra og nýrra íbúa mætt með andstöðu umtalsverðs hluta almennings. Þennan mun má að miklu leyti skýra með hliðsjón af verðskuldunar viðmiðum (van Oorschot og félagar, 2017). Almenn er litið svo á að aldraðir séu tiltölulega bágstaddur hópur (þarfar viðmið) sem áður hefur lagt sitt af mörkum í þágu samfélagsins (gagnvirkni). Atvinnulausir

eru á hinn bóginn stundum taldir bera sjálfir ábyrgð á aðstæðum sínum (stjórn), á meðan innfæddum er hyglt (samsemd) á kostnað samstöðu með innflytjendum.

Fyrir utan hefðbundin form endurdreifingar (þ.e. í þágu aldraðra, atvinnulausa, sjúkra) þá eru ný form samstöðu í miðju opinberrar umræðu. Þegar Evrópu skiptast í tvo vel aðskylda hópa þegar kemur að nýjum tillögum um félagsmálafestnu, svo sem innleiðingu á sameiginlegu almannatryggingakerfi Evrópusambandsins eða grunnframfærslu. Sláandi munur er til staðar á viðhorfum milli landa gagnvart þessum tillögum sem ögra grundvelli hefðbundinna velferðarkerfa innan landa. Í þróðri velferðarríkjum Norður- og Vestur-Evrópu virðist vera umtalsverð tregða til að skipta út því fyrirkomulagi sem þegar er til staðar. Í Austur- og Suður-Evrópu er óánægja með núverandi bótakerfi útbreiddari og litið er til nýrra tillagna sem tækifæris til að bæta lífsskilyrði. Þessar niðurstöður sýna fram á greinilegt samband núverandi stofnunarfyrirkomulags og lögmætis velferðarríkisins.

Aftanmálgrein

18. Iota ESS var lögð fyrir í 23 löndum: Austurríki, Belgíu, Bretlandi, Eistlandi, Finnlandi, Frakklandi, Hollandi, Írlandi, Íslandi, Ísrael, Ítalíu, Litháen, Noregi, Portúgal, Póllandi, Rússlandi, Slóveníu, Spáni, Sviss, Svíþjóð, Tékklandi, Ungverjalandi og Þýskalandi.

Heimildir

Bonoli, G. (2010). The Political Economy of Active Labor-Market Policy. *Politics & Society*, 38(4), 435–457.

De Wispelaere, J., & Stirton, L. (2004). The Many Faces Of Universal Basic Income. *The Political Quarterly*, 75(3), 266-274.

EU (2004). *The future of pension systems*. Brussels: European Commission.

Falkner, G. (2016). The European Union's social dimension. In M. Cini, & N.P.-S Borragán. (Eds.), *European Union Politics* (5th ed., pp. 275–290). Oxford: Oxford University Press.

Houtman, D. (1997). Welfare State, Unemployment, and Social Justice: Judgments on the Rights and Obligations of the Unemployed. *Social Justice Research*, 10 (3), 267-288.

Mewes, J., & Mau, S. (2013). Globalization, socio-economic status and welfare chauvinism: European perspectives on attitudes toward the exclusion of immigrants. *International Journal of Comparative Sociology*, 54(3), 228-245.

OECD. (2017). Basic income as a policy option: Can it add up? *Policy brief on the future of work*. Paris: OECD.

van Oorschot, W., Roosma, F., Meuleman, B., & Reeskens, T. (Eds.). (2017). *The Social Legitimacy of Targeted Welfare: Attitudes to Welfare Deservingness*. Edward Elgar Publishing.

ESS gögn og skjölun

Í evrópsku samfélagskönnuninni (ESS) hefur verið tekið 381.351 heimsóknarviðtal frá því að könnunin hófst á árunum 2002/03. Öll gögn sem hefur verið safnað í könnuninni ásamt fylgiskjölum - til og með lotu 8 (2016/17) - eru aðgengileg til niðurrhals eða skoðunar á netinu (europeansocialsurvey.org).

Árið 2013 fékk ESS aðild að samtökum evrópskra rannsóknainnviða, ERIC (European Research Infrastructure Consortium). Í því felst að öll þátttökulönd taka þátt í kostnaði við verkefnið. Alls tóku 23 þjóðir þátt í 8. lotu, þar af voru 17 aðilar að ERIC.

Með því að nota hugbúnaðinn sem nefndur er hér að neðan - EduNet og NESSTAR – getur þú slegist í hóp 125,000 aðila sem hafa fengið aðgang að gagnasafni ESS.

Á árunum 2003-2016 voru birtar 3.554 fræðigreinar, bækur og kaflar, vinnupappírar og ráðstefnugreinar sem byggðu á greiningum ESS gagna.

EduNet

Í gegnum námshugbúnað ESS, EduNet, er veittur aðgangur að dæmum og æfingum sem leiðbeina notendum í gegnum rannsóknarferlið, allt frá fræðilegum úrlausnarefnum til túlkunar tölfræðilegra niðurstaðna.

NESSTAR

NESSTAR hugbúnaðurinn gerir notendum kleift að greina ESS gögn á netinu. Upplýsingar og leiðbeiningar um notkun NESSTAR eru aðgengilegar á heimasíðu NSD - Norsk Senter for forskningsdata (nesstar.com).

Ritröð með helstu niðurstöðum

Þetta er áttunda tölublaðið í ritröð ESS með helstu niðurstöðum. Öll tölublöðin eru í opnum aðgangi á ESS-vefnum. Meðal annarra tölublaða eru:

1. Traust til réttarkerfisins (einnig aðgengilegt á króatísku og finnsku)
2. Viðhorf til velferðarmála í Evrópu (einnig aðgengilegt á króatísku, grísku, tyrknesku og úkraínsku)
3. Efnahagskreppa, gæði vinnuumhverfis og félagsleg samþætting (einnig aðgengilegt á serbnesku)
4. Skilningur og mat Evrópubúa á lýðræði (einnig aðgengilegt á albönsku, frönsku, ungersku, ítölsku, litháísku, rússnesku, slóvakísku, slóvensku og sænsku)
5. Einstaklingsbundin og félagsleg velsæld Evrópubúa (einnig aðgengilegt á albönsku, litháísku, rússnesku, slóvakísku og slóvensku)
6. Félagslegur ójöfnuður á sviði heilbrigðismála og áhrifaþættir (einnig aðgengilegt á dönsku, frönsku, þýsku, írsku, gelísku, litháísku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku og spænsku)
7. Viðhorf til innflytjenda og hvað býr að baki (einnig aðgengilegt á finnsku, frönsku, georgísku, þýsku, hebresku, litháísku, norsku, slóvensku og spænsku)
9. Viðhorf Evrópubúa til velferðarmála í fortíð, nútíð og framtíð (einnig aðgengilegt á búlgörsku, frönsku, þýsku og spænsku)

Um ESS

ESS er rannsókn sem hefur verið gerð um alla Evrópu frá árinu 2002. Í rannsókninni er spurt um viðhorf, skoðanir og hegðun fólks í meira en 30 mismunandi löndum. Gagnaöflun fer fram á tveggja ára fresti með nýju þversniðsúrtaki í hvert sinn. Gagnasafnið í hverri lotu samanstendur af yfir 380,000 svörum.

Evrópska samfélagskönnunin hefur haft stöðu evrópskra rannsóknainnviða (ESS ERIC) frá árinu 2013. ESS heldur áfram að að veita opinn aðgang að gögnum um viðhorf og hegðun fólks í mismunandi löndum yfir tíma

ESS þemu:

- Traust til stofnana
- Þátttaka í stjórnmálum
- Félags- og stjórnmálaleg gildi
- Siðferði og félagsleg gildi
- Félagsauður
- Félagsleg útlökun
- Þjóðernis- og trúarvitund
- Heilsufar og velferð
- Lýðfræðileg samsetning
- Menntun og atvinna
- Fjárhagslegar aðstæður

- Heimilisaðstæður
- Viðhorf til velferðarmála
- Traust til réttarkerfisins
- Birtingarform og reynsla af aldursbundinni mismunun
- Ríkisborgararéttur, þátttaka og lýðræði
- Innflytjendur
- Fjölskylda, atvinna og velferð
- Efnahagslegt siðferði
- Skipulagning æviskeiða
- Loftslagsbreytingar og orkumál

www.europeansocialsurvey.org

www.esswellbeingmatters.org

Fylgist með ESS á Twitter: [@ESS_Survey](https://twitter.com/ESS_Survey)

Fylgist með ESS á Facebook: [@EuropeanSocialSurvey](https://www.facebook.com/EuropeanSocialSurvey)

Fylgist með ESS á LinkedIn: [@european-social-survey](https://www.linkedin.com/company/european-social-survey)



Útgáfa þessi nýtur styrks frá Horizon 2020, rannsóknar- og nýsköpunaráætlun Evrópusambandsins, skv. styrkjiasamkomulagi nr. 676166

Þýðing: Félagsvísindastofnun Háskóla Íslands

Útgefandi: European Social Survey, ERIC City, University of London, Northampton Square, London, EC1V 0HB, Bretland

September 2013

Alls tóku 23 þjóðir þátt í 8. lotu ESS, framkvæmt 2016/17.

Aðildarríki:

Austurríkí, Belgía, Bretland, Eistland, Frakkland, Holland, Írland, Ítalía, Litáen, Noregur, Portúgal, Pólland, Slóvenía, Svíþjóð, Tékkland, Ungverjaland og Þýskaland

Áheymarfulltrúi:

Sviss

Aðrir þátttakendur:

Finnland, Ísland, Ísrael, Rússland og Spánn

Alþjóðlegir ráðgjafarhópar ESS ERIC General Assembly eru: Methods Advisory Board (MAB), Scientific Advisory Board (SAB) og Finance Committee (FINCOM).

Höfuðstöðvar ESS ERIC eru í City, University of London.

Aðild að miðlægu vísindateymi ESS ERIC eiga: GESIS - Leibniz Institute for the Social Sciences (Þýskalandi); Katholieke Universiteit Leuven (Belgíu); NSD - Norsk Senter for forskningsdata (Noregi); SCP - The Netherlands Institute for Social Research (Hollandi); Universitat Pompeu Fabra (Spáni); University of Essex (Bretlandi); og University of Ljubljana (Slóveníu).

Rannsóknarteymi frá öllum þáttökulöndunum taka þátt í skipulagsfundum, National Coordinators' (NC) Forum

